



HRUNAMANNAHREPPUR

13. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

19. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2022, þann 28. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:30 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 16. desember 2022.

Breyting á útsvarsprósentu.

Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 16.12.2022, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar um 0,22% samhliða lækkingu tekjuskatts um samsvarandi hlutfall. Það leiðir til þess að hámarksútsvar hækkar úr 14,52% í 14,74%.

Sveitarstjórn samþykkir að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2023 hækki um 0,22% og verði 14,74%. Þar sem tekjuskattsálagning lækkar um samsvarandi mun ákvörðunin ekki leiða til hækkunar á heildarálögum á íbúa í Hrunamannahreppi.

Jafnframt vill sveitarstjórn koma á framfæri að hún telur jákvætt að náðst hafi samkomulag um fimm milljarða aukningu á framlagi ríkisins til þjónustu við fatlað fólk á árinu 2023. Engu að síður er minnt á að fyrir liggur vönduð greining á málaflokknum sem staðfestir að halli á málaflokknum er 14,2 milljarðar. Getur sú hækkun hámarksútsvars sem nú hefur verið lögfest því aðeins skoðast sem áfangi til lausnar á mun stærri vanda. Sveitarstjórn treystir því að hafnar verði viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig hægt verði að mæta útgjöldum sveitarfélaga, með hliðsjón af fyrirliggjandi tillögum fulltrúa sveitarfélaga í tekjustofnanefnd. Jafnhliða verði tryggt að ekki verði samþykkt löggjöf um ný verkefni eða útgjöld sveitarfélaga sem ekki eru fjármögnuð að fullu.

2. Gjaldskrá Hitaveitu Flúða.

Lögð fram gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2023.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 316. fundar stjórnar frá 12. desember sl. Ásamt bréfi varðandi hlutafjárukningu hjá Orkugerðinni ehf. Samþykkja þarf erindi undir lið 1.

Liður 1

Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúi sveitarfélagsins á félagsfundi sem halda á þann 4. janúar n.k. fái heimild til að samþykkja kaup á hlutafé til að viðhalda eignarhlut SOS í hlutfalli við aðra eigendur. Kaupin munu að hámarki miðast við 30.690.000,- kr.

Ekki er annað til umræðu á fund stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.